

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/68****2023/EES/40/38****frá 27. október 2021****um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 2019/934 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar leyfilegar vínfræðilegar vinnsluaðferðir (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 75. gr. og 4. mgr. 80. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vínræktarsvæði þar sem auka má alkóhólstyrkleika, leyfilegar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vínræktarafurða, lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum og ráðstöfun þeirra og birtingu skráa Alþjóðavínstofnunarinnar.
- 2) Í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/934 eru skilgreind vínræktarsvæði þar sem heildaralkóhólstyrkleiki vína má ekki vera meiri en 20% miðað við rúmmál. Vínin „Vin de pays de Franche-Comté“ og „Vin de pays du Val de Loire“ sem um getur í þeirri grein hafa fengið ný heiti. Því ætti að breyta þeirri grein til samræmis við það.
- 3) Í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 er sett fram skrá yfir leyfilegar, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vínræktarafurða, sem falla undir gildissvið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, eins og um getur í 1. mgr. 80. gr. þeirrar reglugerðar. Í töflu 1 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 er mælt fyrir um leyfileg vínfræðileg vinnsluferli ásamt skilyrðum fyrir og takmörkunum á notkun þeirra. Í töflu 2 í þeim hluta er mælt fyrir um leyfileg vínfræðileg efnasambönd ásamt skilyrðum fyrir og takmörkunum á notkun þeirra. Bæta ætti við töflur 1 og 2 til að taka tillit til tækni framfara, einkum í tengslum við ályktanir sem Alþjóðavínstofnunin samþykkti 2019, 2020 og 2021. Til viðbótar ætti að gera hluta af upplýsingunum sem gefnar eru upp í þessum töflum skýrari og samræma þær betur.
- 4) Til að bæta skýrleika og upplýsa betur framleiðendur vínræktarafurða sem nota leyfileg vínfræðileg vinnsluferli ætti að bæta við viðbótardálki í töflu 1 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934. Í þeim dálki ætti að tilgreina flokka vínaafurða þar sem nota má vínfræðilega vinnslu við framleiðsluna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 12, 19.1.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 frá 12. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vínræktarsvæði þar sem auka má alkóhólstyrkleikann, leyfilegar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vínræktarafurða, lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum og förgun þeirra og birtingu skráa Alþjóðavínstofnunarinnar (Stjtið. ESB L 149, 7.6.2019, bls. 1).

- 5) Skilyrðin fyrir og takmarkanir á notkun vínfraðilegu vinnslunnar loftun eða súrefnismettun í 1. lið í töflu 1 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934, sem er leyfð sem stendur, eru of takmarkandi þar eð einungis notkun á loftkenndu súrefni er heimiluð. Í stað þess ætti að vísa til viðeigandi skráa Alþjóðavinstofnunarinnar 2.1.1 og 3.5.5 þar sem notkun bæði súrefnis og lofts er heimiluð.
- 6) Í þágu heilleika ættu skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun vínfraðilegu vinnslunnar hitameðhöndlun í 2. lið í töflu 1 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 að vísa til viðbótarskráa Alþjóðavinstofnunarinnar sem tengjast hitameðhöndlun, nánar tiltekið skrár 2.3.6, 2.3.9, 3.5.4 og 3.5.10.
- 7) Þrátt fyrir að Alþjóðavinstofnunin samþykki kuldameðhöndlun er hún sem stendur ekki skráð í töflu 1 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934. Vegna mikilvægis hennar við vínframleiðslu þykir rétt að leyfa notkun hennar, með fyrirvara um tiltekin skilyrði, og bæta við nýjum lið í þá töflu.
- 8) Til að bæta skýrleika þykir rétt að tilgreina í 3. lið í töflu 1 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 hvaða óvirku súnarhjálparefni eru leyfð með því að vísa til viðeigandi skráa Alþjóðavinstofnunarinnar, nánar tiltekið skrár 2.1.11, 2.1.11.1, 3.2.2 og 3.2.2.1.
- 9) Vegna samræmis ætti að fella upplýsingar í 5. lið í töflu 1 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 um flokka vínaferða þar sem fjarlægja má brennisteinsdíoxíð með eðlisrænum aðferðum við framleiðsluna brott úr 2. dálki og bæta þeim við í nýjan 3. dálk í þeirri töflu.
- 10) Í 29. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273 ⁽³⁾ er kveðið á um að gera skuli grein fyrir nokkrum fjölda meðhöndlana í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013. Sú krafa er nefnd í nokkrum en ekki í öllum viðeigandi liðum í töflu 1 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 sem og í nokkrum viðbættum við I. viðauka við þá reglugerð. Til að bæta samræmi innan framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/934 ætti að vísa til þessarar kröfu í öllum viðeigandi liðum í töflu 1 með því að bæta henni við þar sem hana vantar og með því að færa hana, eftir því sem við á, úr viðbættunum yfir í I. viðauka. Þetta varðar 2. dálk í 6., 10., 11., 12., 16., 17. og 18. lið í töflu 1 og 5., 7., 8. og 10. viðbæti við I. viðauka.
- 11) Í b- og c-lið 1. liðar í B-lið I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 er vísað til möguleikans á að auka styrk náttúrulegs alkóhóls í þrúgumusti og víni, eftir því sem við á, með þykkingu að hluta til. Þessi vínfraðilega vinnsla er sem stendur ekki skráð í töflu 1 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934. Því er viðeigandi að leyfa hana og bæta við nýjum lið í þá töflu.
- 12) Með ályktun OIV-OENO 594A-2019 var nýrri vínfraðilegri vinnsluaðferð komið á, nánar tiltekið að fækka innlendum örverum (e. *indigenous microorganisms*) í þrúgum og musti með ósamfelldri háþrýstivinnslu. Því ætti að bæta við nýjum lið í töflu 1 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934.
- 13) Með ályktun OIV-OENO 594B-2020 var nýrri vínfraðilegri vinnsluaðferð komið á, nánar tiltekið að meðhöndla must með samfelldri háþrýstivinnslu til að fjarlægja villtar örverur. Því ætti að bæta við nýjum lið í töflu 1 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934.
- 14) Með ályktun OIV-OENO 616-2019 var nýrri vínfraðilegri vinnsluaðferð komið á, nánar tiltekið að meðhöndla kramdar þrúgur með úthljóði til að auka útdrátt efnasambanda í þeim. Því ætti að bæta við nýjum lið í töflu 1 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934.

⁽³⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273 frá 11. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, skrána yfir vénekrur, fylgiskjöl og vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar, tilkynningar og birtingu tilkynntra upplýsinga og um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og viðurlög, um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008, (EB) nr. 606/2009 og (EB) nr. 607/2009 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/560 (ESB) 2015/560 (Stjúd. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 1).

- 15) Með ályktun OIV-OENO 634-2020 var nýrri vínfraðilegri vinnsluaðferð komið á, nánar tiltekið að meðhöndla þrúgur með púlsuðum rafsviðum (e. *pulsed electric fields*) til að auðvelda og auka útdrátt mikilvægra efna. Því ætti að bæta við nýjum lið í töflu 1 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934.
- 16) Með ályktun OIV-OENO 614A-2020 og 614B-2020 var nýrri vínfraðilegri vinnsluaðferð komið á, nánar tiltekið að meðhöndla must og vín, eftir því sem við á, með því að nota áseygar kúlur úr stýrendívínýlbenseni (e. *adsorbent styrene-divinylbenzene bead*) til að draga úr eða fjarlægja skynmatseinkennafrávik sem er lýst sem „moldar- og myglubragði“. Því ætti að bæta við nýjum lið í töflu 1 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934.
- 17) Kalsíumtartrat var fyrir mistök skráð í liðinn um sýrustilla í lið 1.7 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934. Í skrá Alþjóðavínstofnunarinnar 3.3.12 er einungis vísað til eiginleika þess sem stöðgara. Því er viðeigandi að fella þennan lið brott úr þeirri töflu.
- 18) Sítrónusýra var skráð í liðinn um stöðgara í lið 6.3 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934. Víngrer til vínframleiðslu og mjólkursýrugerlar voru skráðir í liðinn um gerjunarvalda, eftir því sem við á, í lið 9.1 og lið 9.2 í þeirri töflu. Til viðbótar við viðeigandi stöðgunar- og gerjunareiginleika geta þessi vínfraðilegu efnasambönd einnig breytt sýrustigi og bragði véns eins og tilgreint er í viðeigandi skrá í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfraðilegar vinnsluaðferðir. Því er viðeigandi að bæta við nýjum lið fyrir sítrónusýru, víngrer til vínframleiðslu og mjólkursýrugerla, eftir því sem við á, í liðinn um sýrustilla í þeirri töflu.
- 19) Reynslan hefur sýnt að nokkurn fjölda flokka vínafurða sem getið er í 8. dálki töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 vantar eða að einhver vínfraðileg efnasambönd eru röng í þeim. Þetta varðar liði 2.1 til 2.4, 4.1 til 4.6, 5.9, 5.11, 5.12, 5.16, 6.4, 6.11, 7.2 til 7.8 og 9.2. Því ætti að breyta 8. dálki í þessum liðum til samræmis við það.
- 20) Brennisteinsdíoxíð, kalíumbísúlfít og kalíummetabísúlfít sem sett eru fram, eftir því sem við á, í liðum 2.1, 2.2 og 2.3 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 eru svipuð efnasambönd sem falla undir sömu skrár Alþjóðavínstofnunarinnar. Því er viðeigandi, fyrir þessi þrjú efnasambönd, að nefna sömu skrár Alþjóðavínstofnunarinnar í 3. dálki þeirrar töflu og sömu flokka vínafurða í 8. dálki þeirrar töflu.
- 21) Vínfraðileg viðarkol, eins og um getur í lið 3.1 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934, og valkvæðar plöntutrefjar, eins og um getur í lið 3.2 í þeirri töflu, eru frekar notuð vegna ásogs þeirra en vegna upptökueiginleika. Til glöggvunar ætti því að breyta heiti 3. liðar í þeirri töflu sem þessi efnasambönd tilheyra úr „Tengiefni“ í „Áseyg efni“.
- 22) Með ályktun OIV-OENO 633-2019 var markmiðum og forskriftum í skrá Alþjóðavínstofnunarinnar 2.3.2 varðandi hvata til gerjunar breytt. Breyta ætti 3. dálki í liðum 4.1, 4.6 og 4.8 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 til samræmis við það.
- 23) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 ⁽⁴⁾ var mælt fyrir um skilyrði fyrir notkun þíamínhýdróklóríðs með því að tilgreina að ekki megi nota meira en 0,6 mg/l (gefið upp sem þíamín) fyrir hverja meðhöndlun. Í framseldri reglugerð (ESB) 2019/934 sem felldi reglugerð (EB) nr. 606/2009 úr gildi var þessari kröfu viðhaldið. Skýra tilvísunin í magntakmörkun á notkun þíamíns var þó fjarlægð þar eð talið var að þessar upplýsingar væru þegar látnar í té í skrár Alþjóðavínstofnunarinnar 2.3.3 og 4.1.7 sem getið er í 3. dálki í lið 4.5 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934. Á fyrsta framkvæmdarári framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/934 varð samt sem áður ljóst að ef þessar tvær skrár Alþjóðavínstofnunarinnar eru lesnar saman getur það leitt til ruglings að því er varðar leyfilegt

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfraðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi (Stjttð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1).

hámarks magn þíamíns. Þar eð nákvæm töluleg tilvísun er ekki fyrir hendi virðist mögulegt að skilja aðskildar tilvísanir í skrá 2.3.3 (þar sem 0,6 mg/l telst vera fullnægjandi skammtur fyrir must) og í skrá 4.1.7 (þar sem að hámarki 0,6 mg/l eru leyfð fyrir freyðivín) sem svo að kveðið sé á um samanlagt hámarksgildi sem nemur 1,2 mg/l. Til að komast hjá hugsanlegri rangtúlkun að því er varðar skilyrðin fyrir notkun þíamíns þykir rétt að tilgreina hámarks magn sem nemur 0,6 mg/l í 7. dálki í lið 4.5 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 eins og raunin var, að því er varðar þetta efnasamband, í reglugerð (EB) nr. 606/2009.

- 24) Frá 1. júní 2013 er bentónít ekki lengur leyft sem matvælaaukefni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008⁽⁵⁾. Því er viðeigandi að fella E-númer þess brott í 2. dálki í lið 5.9 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934.
- 25) Ályktun OIV-OENO 612-2019 kom í stað skráar Alþjóðavínstofnunarinnar 2.1.7 varðandi viðbót tannínsýru í must. Breyta ætti 3. dálki í liðum 5.12 og 6.4 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 til samræmis við það.
- 26) Ályktun OIV-OENO 613-2019 kom í stað skráar Alþjóðavínstofnunarinnar 3.2.6 varðandi viðbót tannínsýru í vín. Breyta ætti 3. dálki í liðum 5.12 og 6.4 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 til samræmis við það.
- 27) Með reglugerð (EB) nr. 606/2009 var notkun á kítósani í vínframleiðslu takmörkuð við efnasambönd sem eru eingöngu fengin úr *Aspergillus niger*. Þessari takmörkun var haldið í liðum 5.13 og 10.3 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934. Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470⁽⁶⁾ er þó kítósanútdráttur úr sveppum, sem er fenginn annaðhvort úr *Agaricus bisporus* eða *Aspergillus niger*, leyfður í skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í viðaukanum við hana. Því þykir rétt að samræma tilvísanir í liði 5.13 og 10.3 í þeirri töflu við samsvarandi ákvæði í töflu 1 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470. Af þeim sökum ætti að tilgreina í 1. dálki í þessum liðum að kítósan megi einnig fást úr *Agaricus bisporus*.
- 28) Tetrahýdratform kalsíumtartrats, eins og um getur í lið 6.2 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934, er notað sem hjálparefni við vinnslu í víngeiranum í Sambandinu. Þó er kalsíumtartrat einnig til í díhýdratformi sem er leyft sem matvælaaukefni E 354 samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1333/2008, jafnvel þó að það sé sjaldan notað í matvæli, og er efni sem er frábrugðið tetrahýdratforminu. Í þágu heilleika kemur tilvísun í E 354 einnig fram sem stendur í lið 6.2 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934. Á fyrsta framkvæmdarári framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/934 varð ljóst að díhýdratform kalsíumtartrats er ekki notað í vínframleiðslu. Til viðbótar greindu aðildarríkin og iðnaðurinn frá því að í raun væri tetrahýdratform eina form kalsíumtartrats sem er fánlegt á markaðinum. Til að skýra nánar notkunina og komast hjá ruglingi milli þessara tveggja forma kalsíumtartrats ætti að fella brott tilvísunina í matvælaaukefnið E 354 í 2. dálki í lið 6.2 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934.
- 29) Skrá Alþjóðavínstofnunarinnar 3.3.10 varðar meðhöndlun á vínnum með kalíumferrósýaníði. Þessarar skrár er ekki getið í 3. dálki í lið 6.5 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 þó að hún eigi sérstaklega við í þessu samhengi. Því er viðeigandi að bæta þar við tilvísun í þessa skrá.
- 30) Með ályktunum OIV-OENO 586-2019 og OIV-OENO 659-2020 var forskriftum í skrá Alþjóðavínstofnunarinnar 3.3.14 varðandi meðhöndlun með sellulósagúmmí (karboxýmetylcellulósa) breytt. Breyta ætti 3. og 8. dálki í lið 6.11 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 til samræmis við það.

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (Stjútíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16).

⁽⁶⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjútíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

- 31) Tilvísunin í skrána COEI-1-POTASP í alþjóðlegri, vínfræðilegri skrá Alþjóðavínstofnunarinnar í 4. dálki í lið 6.13 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 er ekki rétt. Í stað hennar ætti að koma tilvísun í skrána COEI-1-POTPOL.
- 32) Með ályktun OIV-OENO 581A-2021 var nýrri vínfræðilegri vinnsluaðferð komið á, nánar tiltekið meðhöndlun víns með fúmarsýru til að hindra gerjun eplasýru í mjólkursýru. Því ætti að bæta við nýjum lið í töflu 1 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934.
- 33) Eins og tilgreint var í skránni COEI-1-PRENZY í alþjóðlegri, vínfræðilegri skrá Alþjóðavínstofnunarinnar er margskonar ensímvrirni í ensímblöndum og hliðarvirgni (e. *secondary activity*) samhliða meginensímvrirninni er einungis liðin ef hún er innan tæknilegra marka fyrir framleiðslu á ensímblöndum. Þessi greinarmunur á meginvirgni og hliðarvirgni er sem stendur ekki tilgreindur í framseldri reglugerð (ESB) 2019/934. Því er viðeigandi að fella hann inn í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við þá framseldu reglugerð og vísa í skrána COEI-1-PRENZY í 4. dálki í liðum 7.1 til 7.11.
- 34) Með ályktun OIV-OENO 682-2021 voru skrár 1.13, 2.1.4, 2.1.18, 3.2.8 og 3.2.11 í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir uppfærðar. Því ætti að breyta viðmiðunarárinu fyrir þessar skrár eins og um getur í 3. dálki 7. liðar í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framseldu reglugerðina (ESB) 2019/934.
- 35) Í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir er tilgreindur nokkur fjöldi mismunandi ensíma. Þau eru ekki öll tilgreind í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934. Til að vínframleiðendur geti fengið sem mest úrval af ensímum til að bæta vínin sín þykir rétt að samræma skrána yfir leyfð ensím í þeirri töflu við skrána yfir leyfð ensím í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir. Því ætti að bæta við nýjum liðum fyrir ensímín arabínasasa, betaglúkanasa (β1-3, β1-6) og glúkósíðasa í 7. lið „Ensím“ í þeirri töflu. Til viðbótar ætti að fella skrána COEI-1-GLYCOS í alþjóðlegri, vínfræðilegri skrá Alþjóðavínstofnunarinnar brott úr 4. dálki í lið 7.8 í þeirri töflu og flytja hana í 4. dálk í nýjum lið 7.11 þar eð í henni er vísað til ensíms með númerinu EC 3.2.1.21.
- 36) Með ályktunum OIV-OENO 541A-2021 og 541B-2021 var nýrri vínfræðilegri vinnsluaðferð komið á, nánar tiltekið að nota aspergillópepsín I til að fjarlægja prótín sem mynda grugg, eftir því sem við á, í þrúgumusti og víni. Því ætti að bæta við nýjum lið í töflu 1 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934.
- 37) Skrárnar COEI-1-SACCHA og COEI-1-NOSACC komu í stað skráarinnar COEI-1-LESEAC í alþjóðlegu, vínfræðilegu skrá Alþjóðavínstofnunarinnar. Því er viðeigandi að fella brott tilvísunina í skrána COEI-1-LESEAC í 4. dálki í lið 9.1 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 og setja þess í stað tilvísun í skrárnar COEI-1-SACCHA og COEI-1-NOSACC.
- 38) Með ályktun OIV-OENO 611-2019 var lokið við skrá Alþjóðavínstofnunarinnar 2.1.3.2.3.2 varðandi afsýringu með mjólkursýrugerlum. Þessi skrá skiptir máli fyrir lið 9.2 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 og því ætti að bæta henni við í 3. dálk.
- 39) Samkvæmt 1. lið 1. viðbætis við I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 er notkun á vínsýru til afsýringar sem stendur einungis leyfð fyrir afurðir sem eru úr þrúgum af vínviðaryrkjunum „Elbling“ og „Weißer Riesling“ og eru fengnar úr þrúgum, sem eru ræktaðar á eftirfarandi vínræktarsvæðum í norðurhluta vínræktarsvæðis A: Ahr, Rheingau, Mittelrhein, Mosel, Nahe, Rheinhessen, Pfalz og Moselle luxembourgeoise. Þýskaland upplýsti framkvæmdastjórnina um að ræktun vínviðaryrkjanna „Elbling“ og „Weißer Riesling“ sé nú leyfð á öðrum vínræktarsvæðum á vínræktarsvæði A í Þýskalandi. Því ætti að breyta skránni yfir svæðin sem um getur í þeim lið til að hún taki til allra svæða á vínræktarsvæði A í Þýskalandi.

- 40) Í B-hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 er hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs í víni skilgreint. Heitum vínanna „Côteaux de l’Ardèche“, „Lot“, „Corrèze“, „Oc“, „Thau“ og „Allobrogie“ sem um getur í fjórtánda undirlið c-liðar 2. liðar í A-lið þess hluta hefur verið breytt. Til viðbótar fór Slóvenía þess á leit að víninu „vrhunsko vino ZGP – slamno vino (vino iz sušenega grozdja)“ yrði bætt við í skrána yfir þau vín þar sem hækka má hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs í allt að 400 mg/l. Þetta vín inniheldur mjög mikið af sykurleifum og þess vegna þarf meira magn af brennisteinsdíoxíði til að tryggja að það geymist. Breyta ætti B-hluta I. viðauka til samræmis.
- 41) Spánn fór þess á leit að ákvæðum er varða spænsk líkjörvín, sem mælt er fyrir um í III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934, yrði breytt til að tryggja samræmi við skilgreininguna á líkjörvínnum eins og um getur í 3. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og við nákvæma skilgreiningu á vínnum sem eru með vernduðu upprunatáknunirnar Condado de Huelva og Lebrija. Að beiðni vínframleiðenda sinna fór Spánn einnig fram á að yrkjunum Garnacha roja og Mazuela yrði bætt við í skrána yfir yrki eins og um getur í 3. viðbæti við III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934. Því er viðeigandi að breyta viðkomandi þáttum og viðbætum við III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934.
- 42) Í B-hluta I. viðbætis við III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 eru tilgreind líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem afurðunum, sem um getur í f-lið 3. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, er bætt við í framleiðslunni. Eftir breytingar á nákvæmri skilgreiningu fyrir vín með vernduðu upprunatáknunina „Κομμανδάρια (Commandaria)“ fór Kýpur þess á leit að þessu víni yrði bætt við í 5. og 6. lið í B-hluta I. viðbætis við III. viðauka við þá framseldu reglugerð. Breyta ætti þessum liðum til samræmis við það.
- 43) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/934 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2019/934

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/934 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. gr.

Vínræktarsvæði þar sem heildaralkóhólstyrkleiki vína má ekki vera meiri en 20% miðað við rúmmál

Vínræktarsvæðin, sem um getur í fyrsta undirlið c-liðar annarrar málsgreinar 1. liðar II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, skulu vera svæði C I, C II og C III, sem um getur í 1. viðbæti við þann viðauka, og þau svæði á svæði B þar sem heimilt er að framleiða hvítvín með eftirtöldum vernduðum, landfræðilegum merkingum: „Franche-Comté“ og „Val de Loire“.

- 2) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 3) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. október 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/934 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:
- a) Í stað töflu 1 og 2 kemur eftirfarandi:

„Tafla 1

Leyfileg vínfraðileg vinnsluferli sem um getur í 1. mgr. 3. gr.

	1	2	3
	Vínfræðileg vinnsluferli	Skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun ⁽¹⁾	Flokkar vínafurða ⁽⁴⁾
1	Loftun eða súrefnismettun	Með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru fram í skrá 2.1.1 (2016) og 3.5.5 (2016) í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfraðilegar vinnsluaðferðir.	1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
2	Hitameðhöndlun	Með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru fram í skrá 1.8 (1970), 2.2.4 (1988), 2.3.6 (1988), 2.3.9 (2005), 3.4.3 (1988), 3.4.3.1 (1990), 3.5.4 (1997) og 3.5.10 (1982) í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfraðilegar vinnsluaðferðir.	Ferskar þrúgur, 1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
2a	Kuldameðhöndlun	Með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru fram í c-lið 1. liðar í B-lið I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og í skrá 1.14 (2005), 1.15 (2005), 2.1.12.4 (1998), 2.3.6 (1988), 3.1.2 (1979), 3.1.2.1 (1979), 3.3.4 (2004) og 3.5.11.1 (2001) í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfraðilegar vinnsluaðferðir.	Ferskar þrúgur, 1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
3	Skiljun í skilvindu og síun, með eða án óvirks síunarhjálparefnis	Óvirk síunarhjálparefni eru þau sem um getur í skrá 2.1.11 (1970), 2.1.11.1 (1990), 3.2.2 (1989) og 3.2.2.1 (1990) í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfraðilegar vinnsluaðferðir. Notkun þeirra má ekki skilja eftir óæskilegar leifar í meðhöndluðu afurðinni.	1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
4	Sköpun óvirkra aðstæðna	Einungis til að meðhöndla afurðina án þess að hún komist í snertingu við loft.	1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
5	Fjarlæging brennisteinsdíoxíðs með eðlisrænum aðferðum		Ferskar þrúgur, 2., 10., 11., 12., 13. og 14.
6	Jónaskiptaresín	Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 3. viðbæti við þennan viðauka. Meðhöndlunin skal skráð í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.	Þrúgumust sem er ætlað til framleiðslu á hreinsuðu þrúgumustsþykkni.
7	Loftbólun	Einungis með argoni eða köfnunarefni.	1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.

8	Fleyting	Einungis með köfnunarefni eða koltvísýringi eða með loftun. Með fyrirvara um þau skilyrði sem eru sett fram í skrá 2.1.14 (1999).	10., 11. og 12.
9	Skífur úr hreinu paraffíni, gegndreyptar með allýlísóþíósýanati	Einungis til að skapa dauðhreinsaðar aðstæður. Er einungis heimil á Ítalíu svo fremi að hún samræmist löggjöf landsins og einungis í flátum sem rúma meira en 20 lítra. Notkun á allýlísóþíósýanati er með fyrirvara um skilyrðin og takmarkanirnar í töflu 2 varðandi leyfileg vínfræðileg efnasambönd.	Hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
10	Meðferð með rafskiljun	Einungis til að tryggja stöðgun vínsins með tilliti til vínsýrumagns. Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 5. viðbæti við þennan viðauka. Meðhöndlunin skal skráð í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.	Hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
11	Eikarbitar	Notkun við vínframleiðslu og þroskun, þ.m.t. við gerjun ferskra þrúgna og þrúgumusts. Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 7. viðbæti við þennan viðauka. Meðhöndlunin skal skráð í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.	1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
12	Leiðrétting á alkóhólinnihaldi víns	Leiðrétting sem er einungis gerð með víni. Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 8. viðbæti við þennan viðauka. Meðhöndlunin skal skráð í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.	1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
13	Plúsjónaskipti til stöðgunar með tilliti til vínsýrumagns	Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í skrá 3.3.3 (2011) í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluáðferðir. Verður einnig að samræmast reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 (²) og landsbundnum ákvæðum um framkvæmd hennar. Meðhöndlunin skal skráð í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.	Hlutgerjað must til beinnar neyslu, 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
14	Rafhimmumeðhöndlun	Einungis til sýringar eða afsýringar. Með fyrirvara um skilyrðin og takmarkanirnar sem mælt er fyrir um í C- og D-lið I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og 11. gr. þessarar reglugerðar. Verður að samræmast reglugerð (EB) nr. 1935/2004 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 (³) og landsbundnum ákvæðum sem samþykkt eru til framkvæmdar þeirra. Með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru fram í skrá 2.1.3.1.3 (2010), 2.1.3.2.4 (2012), 3.1.1.4 (2010), 3.1.2.4 (2012) í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluáðferðir. Meðhöndlunin skal skráð í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.	1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.
15	Plúsjónaskipti til sýringar	Með fyrirvara um skilyrðin og takmarkanirnar sem mælt er fyrir um í C- og D-lið I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og 11. gr. þessarar reglugerðar. Verður að samræmast reglugerð (EB) nr. 1935/2004 og landsbundnum ákvæðum sem samþykkt eru til framkvæmdar hennar. Með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru fram í skrá 2.1.3.1.4 (2012) og 3.1.1.5 (2012) í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluáðferðir. Meðhöndlunin skal skráð í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.	1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15. og 16.

16	Himnutengingar	Einungis til að minnka sykurnihald í musti. Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 9. viðbæti við þennan viðauka. Meðhöndlunin skal skráð í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.	10.
17	Himnusertlar (e. <i>membrane contractors</i>)	Einungis til að meðhöndla uppleystar lofttegundir í víni. Bannað er að bæta koltvísýringi í þær afurðir sem eru skilgreindar í 4., 5., 6., og 8. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013. Verður að samræmast reglugerð (EB) nr. 1935/2004 og reglugerð (ESB) nr. 10/2011 og landsbundnum ákvæðum sem samþykkt eru til framkvæmdar þeirra. Með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru fram í skrá 3.5.17 (2013) í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir. Meðhöndlunin skal skráð í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.	1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
18	Himnutækni ásamt virku kolefni	Einungis til að draga úr umframmagni 4-etylfenóls og 4-etylgevajakóls í víni. Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 10. viðbæti við þennan viðauka. Meðhöndlunin skal skráð í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.	1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
19	Súplötur sem innihalda seólítið Y-faujasít	Einungis til að ásoga halóanísól. Með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í skrá 3.2.15 (2016) í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir.	1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16.
20	Þykking að hluta til	Að því er varðar þrúgumust: með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í b-lið 1. liðar í B-lið I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og í skrá 2.1.12 (1998), 2.1.12.1 (1993), 2.1.12.2 (2001), 2.1.12.3 (1998) og 2.1.12.4 (1998) í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir. Að því er varðar vín: með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í c-lið 1. liðar í B-lið I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og í skrá 3.5.11 (2001) og 3.5.11.1 (2001) í reglum Alþjóðavínstofnunarinnar um vínfræðilegar vinnsluaðferðir. Meðhöndlunin skal skráð í skránni sem um getur í 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.	1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 15. og 16.
